

## Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Ár 2022, fimmtudagurinn 24. nóvember, var haldinn 33. fundur íbúaráðs Miðborgar og Hlíða. Fundurinn var haldinn í Vesturmiðstöð og hófst kl. 16.36. Fundinn sátu: Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, Þórður Gunnarsson, Geir Finnsson, Sigfús Ómar Höskuldsson, Sigrún Tryggvadóttir, Hanna Björk Valsdóttir, Þórey Björk Sigurðardóttir og Kolbrún Jarlsdóttir. Fundinn sátu einnig Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð og Hörður Heiðar Guðbjörnsson.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Vesturmiðstöðvar. MSS22100035  
Sigbrúður Erla Arnardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer umræða um auglýsingaskilti við Lönguhlíð. MSS22110155  
Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur fram svohljóðandi bókun:  

Íbúaráð Miðborgar og Hlíðar tekur undir með innsendum athugasemdum íbúa Hlíðahverfis vegna fyrirhugaðs skiltis við Lönguhlíð/Klambratún. Mælst er til þess að tekið verði tillit til þeirra athugasemda.
3. Lögð fram umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða ódags. um tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar fyrir almenning í Reykjavík. USK22090017
4. Lagt fram erindi foreldrafélags leikskólans Hlíðar dags. 31. október 2022 um leit að húsnæði.
5. Fram fer umræða um umferðaröryggi í hverfinu. MSS22030200  
Formanni falið að undirbúa erindi milli funda til umhverfis- og skipulagsráðs.
6. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
7. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. Þessi liður fundarins er lokaður. MSS22040019  

Samþykkt að veita Sadie Iris Cornette Cook styrk að upphæð kr. 100.000,- vegna verkefnisins Kannski.

Öðrum umsóknum hafnað.
8. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Borgin okkar 2022 – hverfin. Þessi liður fundarins er lokaður. MSS22040042  

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Háteigsskóla styrk að upphæð kr. 250.000,- vegna verkefnisins Jólamáltíð Háteigsskóla 2022.

Samþykkt að veita Mervi Orvokki Luoma styrk að upphæð kr. 90.000,- vegna verkefnisins Biodiversity in the City - Miðborg.

Öðrum umsóknum hafnað.
9. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur fram svohljóðandi fyrirspurn

Með vísan í erindi frá Foreldrafélag barna við leikskólann Hlíð, þá er óskað er eftir því að fá upplýsingar um stöðu húsnæðismála er varðar leikskólann sjálfan. Vísaoð er til erindis frá Foreldrafélagi Leikskólans Hlíð frá 31.10.2022. MSS22110228

Vísaoð til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

**Fundi slitið kl. 18:46**

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson

Geir Finnsson  
Þórður Gunnarsson  
Þórey Björk Sigurðardóttir  
Kolbrún Jarlsdóttir

Sigfús Ómar Höskuldsson  
Sigrún Tryggvadóttir  
Hanna Björk Valsdóttir